

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 192/1967. **Bifreiðaverkstæði Fólksvagn s/f**

gegn

**Aðalsteini V. Magnússyni og**

**Magnúsi A. Magnússyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kærumál. Frávisun. Ómerking. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1967, sem hingað barst 5. desember s. á., og krafist þess, að frávisunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 17. nóvember 1967, í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms. Þá hefur sóknaraðili krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Í máli þessu hefur sóknaraðili stefnt til greiðslu þriggja víxla, hvers að fjárhæð kr. 4.000.00, útgefina af varnaraðiljanum Magnúsi A. Magnússyni 8. marz 1967, en samþykktu af varnaraðiljanum Aðalsteini V. Magnússyni til greiðslu 8. júlí 1967, 8. ágúst 1967 og 8. september 1967. Á víxlum þeim, sem hafa gjalddaga 8. júlí og 8. september 1967, er tekið fram, að þeir skuli greiðast í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Á víxli þeim, sem gjalddaga hefur 8. ágúst 1967, er hins vegar tekið fram, að hann skuli greiðast í Sparisjóði Kópavogs, Kópavogi. Allir eru víxlarnir afsagðir vegna greiðslufalls að kröfu Sparisjóðs Kópavogs í afgreiðslustofu sparisjóðsins. Í stefnu er víxlunum rétt lýst að öðru leyti en því, að þar segir: „Víxlarnir voru vistaðir í Sparisjóði Kópavogs . . .“.

Víxlum þeim, sem gjalddaga hafa 8. júlí og 8. september 1967, er eigi réttilega lýst í stefnu, og ber því með vísun til ákvæða 88. gr. laga nr. 85/1936 að staðfesta hinn kærða

dóm, að því er varðar kröfur sóknaraðilja, byggðar á þeim víxlum. Víxli þeim, er gjalddaga hefur 8. ágúst 1967, er hins vegar rétt lýst í stefnu, og ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi, að því er varðar kröfur sóknaraðilja, byggðar á þeim víxli, og vísa máli að því leyti heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur, að því er varðar kröfur, byggðar á þeim tveimur víxlum, sem gefnir eru út 8. marz 1967, með gjalddögum 8. júlí 1967 og 8. september 1967.

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, að því er varðar kröfur, byggðar á víxli, útgefnum 8. marz 1967 með gjalddaga 8. ágúst 1967. Er málinu að þessu leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Bifreiðaverkstæðisins Fólksvagns s/f, á hendur varnaraðiljum, Aðalsteini V. Magnússyni og Magnúsi A. Magnússyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. 11. 1967, af Bifreiðaverkstæðinu Fólksvagni s/f, Borgarholtsbraut 69, Kópavogi, gegn Aðalsteini Magnússyni og Magnúsi A. Magnússyni, báðum til heimilis Dalbæ, Blesugróf, Reykjavík, til greiðslu víxla að fjárhæð samtals krónur 12.000.00 (3x4.000.00), útgefna 8. marz 1967 af stefnda Magnúsi og samþykktra af stefnda Aðalsteini til greiðslu í Sparisjóði Kópavogs, Kópavogi, 8. júlí, 8. ágúst og 8. september 1967, en á víxlum þessum, sem voru afsagðir vegna greiðslufalls 11. júlí, 10. ágúst og 11. september s.l., er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 12.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.000.00

frá 8. júlí til 8. ágúst 1967, af kr. 8.000.00 frá þeim degi til 8. september 1967 og af kr. 12.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 605.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með löglegri heimild, en þar sem tveir af víxlunum eru vistaðir í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, en ekki í Sparisjóði Kópavogs, eins og sagt er í stefnu, verður ekki hjá því komizt að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna vanlýsingar.

Málskostnaður dæmist ekki.

Kristján Torfason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

---